

Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Haldinn í Þekkingarsetri Vestmannaeyja

27. júní 2018

1. Setning fundar

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setti fundinn kl. 12:05.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Jón G. Valgeirsson sem fundarstjóra og Hrafn Sævaldsson sem fundarritara.

Var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

Kjörbréfa og kjörnefnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Anton Kári Halldórsson	Rangárþing eystra

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar.

Stjórn var þannig skipuð: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anna Björg Níelsdóttir, varaformaður, Ari B. Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir og Ágúst Sigurðsson. Haldnir hafa verið 6 formlegir fundir á starfstímabilinu. Gestum hefur verið boðið á fundina m.a. formanni félags sumarhúseigenda og formanni Atorku. Auk þess voru haldnir fjölda annarra funda og ferðir farnar í minni hópum.

Meðal verkefna stjórnar má nefna:

Viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)/SORPU. Þrjú fundir voru haldnir með SSH. Samningur um móttöku úrgangs við SORPU hafa verið gerðir til skamms tíma en óvissa er um framhaldið. Greiningargögn hafa verið gerð um urðunarstað á Nessandi í samstarfi við SSH.

Skrifað var undir viljayfirlýsingu fjögurra sorpsamlaga: á Suðurlandi, Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og Vesturlandi og fór undirritunin fram 26. apríl s.l. Hún hefur nú verið send öllum aðildarsveitarfélögum SOS til kynningar. Formaður kynnti einnig hugsanlegt samstarf fyrrgreindra sorpsamlaga.

Stefán Gíslason hefur verið verkefnastjóri eða úrvinnslustjóri á verkefnalista stjórnar SOS. Eins og fyrr greinir kom formaður Landsambands sumarhúsaeyganda og formaður Atorku á stjórnarfund. Í framhaldi af því var m.a. ákveðið að framkvæma spurningakönnun hjá starfandi fyrirtækjum á starfssvæði SOS sem Stefán Gíslason hefur haldið utan um.

Hluti stjórnar fór einnig í skoðunarferð í Stykkishólm til að kynna sér úrgangsmálin þar.

Verkefni næsta tímabils eru að efla samskipti við SSH og SORPU. Fara í viðræður við Sveitarfélagið Ölfus vegna Nessands. Fara þarf í viðræður og samningagerð um móttöku á úrgangi. Halda áfram úrvinnslu hjá verkefnisstjóra og koma með tillögur um úrgangsmeðhöndlun. Loks má nefna nauðsyn endurskoðunar á svæðisáætlun og vinna að markmiðum hennar.

5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar um lögmæti fundarins. Alls eru 9 fulltrúar kjörgengir og eru þeir allir mættir. Engir varamenn eru á fundinum.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Kosning stjórnar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu nefndarinnar:

Aðalmenn:

1. Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi
2. Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélaginu Árborg
3. Anton Kári Halldórsson, Rangárþingi eystra
4. Raket Sveinsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfus
5. Vætanlegur framkvæmdastjóri, Sveitarfélaginu Árborg

Varamenn:

1. Einar Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
2. Helgi Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg
3. Ágúst Sigurðsson, Rangárþing ytra
4. Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

5. Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Formaður: Jón G. Valgeirsson

Varaformaður: Anton Kári Halldórsson

Fundarstjóri bar upp tillögu kjörnefndar og var tillagan samþykkt með lófaklappi, án athugasemda.

7. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust bauð fundarmönnum að spyrja um starfsemi SOS og bauð jafnframt upp á almennar umræður. Nokkur umræða var um starfsemina.

Til máls tóku Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá.

Fundurinn fól fundarritara að ganga frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 12:37.

Hrafn Sævaldsson, fundarritari.

Þátttakendur á aukaaðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands

Eggert Valur Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Eyrún Margrét Stefánsdóttir	Bláskógabyggð
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Ása Valdís Árnadóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur
Jón G. Valgeirsson	Hrunamannahreppur og form. stjórnar SOS
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Benedikt Benediktsson	Sorpstöð Rangárvallasýslu
Einar Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Steinar Lúðvíksson	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Harðardóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur